

SJÓNAUKINN

27. APRÍL 2022 - 3. MAÍ 2022

• 16. tölublað • 37. árgangur •

Dansað í Nestúni

Nú finnst okkur kominn tími til að taka fram dansskóna og liðka okkur fyrir vorið. Klukkan 20:00 sunnudaginn 1. maí tökum við sporið í Nestúni. Bjössi, Valdi og Elínborg sjá um dansmúsikina. Aðgangseyrir aðeins 500 krónur og nýir félagar velkomnir.

Dagskrá í félagsmiðstöðinni næstu daga er sem hér segir:

Mánud. 25. apríl	Púkk (kl. 13:00)
Priðjud. 26. apríl	Félagsvist
Miðvikud. 27. apríl	Frambjóðendur D lista í heimsókn kaffi og vöffur
Fimmtud. 28. apríl	Frambjóðendur N lista í heimsókn kaffi og vöffur
Föstud. 29. apríl	Lokað vegna jarðarfara
Priðjudag 3. maí	Félagsvist
Miðvikud. 4. maí	Frambjóðendur B lista í heimsókn kaffi og vöffur

Allir þessir viðburðir hefjast klukkan 14:00

Annars er opið í Félagsmiðstöðinni í VSP frá 13 – 16 alla virka daga fram eftir maí, spjall, spil, handavinna og heitt á könnunni.

Félag eldri borgara í Húnaþingi vestra

Félag eldri borgara í Húnaþingi vestra auglýsir:

Dagsferð um Dali 28. júní 2022

Lagt af stað kl. 9 frá Hvammstanga og ekið sem leið liggur vestur í Dali. Farþegar teknir með á Laugarbakka og Staðarskála ef óskað er. Ekið yfir Laxárdalsheiði að Eiríksstöðum þar sem Bjarnheiður Jóhannsdóttir leiðsögumaður og víkingur mun taka á móti okkur og sýna okkur sýninguna. Þá höldum við í Búðardal og förum í Vínlandssetrið. Þar fáum við fræðslu og skoðum nýju sýninguna og fáum okkur súpu og brauð. Eftir notarlegt hádegi verður ekið að kirkjunni í Hjarðarholti þar sem við fáum fræðslu um kirkjuna og söguna sem er þarna á hverri þúfu. Frá Hjarðarholti förum við í Rjórabúið á Erpsstöðum. Þar verður boðið upp á veitingar, skyrkonfekt og ís. Eftir fræðslu þar er ekið í Borgarfjörðinn, nánar tiltekið að Hraunsnefi, þar sem býður okkar kvöldverður. Eftir kvöldverðinn verður ekið heim og stefnum við á að vera komin til Hvammstanga um kl 21:00. Nú er bara að biðja um bjart og gott ferðaveður.

Þátttökugjald er kr. 25.000,- fyrir félagsmenn og kr. 28.000,- fyrir fólk utan félagsins, sem er velkomið með í ferðina meðan plássíð leyfir. Hámarksfjöldi er 40 manns. Innifalið í þátttölugjaldi er akstur, leiðsögn og veitingar. **Tilkynna skal þátttöku til ferðanefndar fyrir 21. júní.**

Skráning hjá ferðanefnd.

Bjarni Þór: sími : 892 8296, tölvupóstur: bthe@itn.is

Ólafur: sími : 866 6467

Ingibjörg: sími : 892 2974

Ragnheiður: sími : 869 9913, tölvupóstur:
raggasj@gmail.com

Þátttökugjald skal leggja inn á reikning í Landsbankanum fyrir 27. júní.

Kt. 310348-2449, Rnr. 0161-26-100052

Ferðanefndin.



Sumarstarf

Okkur vantar starfsmann í KIDKA-verslunina á Hvammstanga. Hæfniskröfur: góð enskukunnátta (önnur tungumál kostur), góðir samskiptahæfileikar og áhuga á ferðamennsku.

Þarf að geta byrjað sem fyrst. Upplýsingar veitir Kristinn í síma
861 9801

Summerjob

We are searching for an employee in our KIDKA Wool Factory Shop in Hvammstangi. Requirements: good English skills (the more languages the better), strong communication skills and an interest for working in tourism. Should be able to start as soon as possible.

For more information call Kristinn:

861 9801

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra gjörir kunnugt:
Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna
sveitarstjórnarkosninga er hafin.

Greiða má atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum
embættisins sem hér segir:

Blönduósi, aðalskrifstofu, Hnjúkabyggð 33, Blönduósi,
virka daga, kl. 09:00 til 15:00

Sauðárkróki, sýsluskrifstofu, Suðurgötu 1, Sauðárkróki,
virka daga, kl. 09:00 til 15:00

Fimmtudaginn 12. maí nk. verður opið til kl. 19:00 á báðum
skrifstofum.

**Greiða má atkvæði hjá kjörstjóra á skrifstofu
Húnaþings vestra sem hér segir:**

**Hvammstanga, Hvammstangabraut 5, Hvammstanga,
virka daga, kl. 09:00 til 12:00 og 13:00 – 16:00**

Ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms,
fötlunar eða barnsburðar skal hafa borist sýslumanni á
sérstöku eyðublaði eigi síðar en kl. 10:00 fimmtudaginn 12.
maí nk.

Kosið verður á heilbrigðisstofnunum innan umdæmisins í
vikunni fyrir kjördag, nánar auglýst síðar.

Kjósendur skulu framvísa gildum persónuskilríkjum við
kosninguna.

Hægt er að kjósa utan kjörfundar hjá öllum
sýslumannsembættum landsins.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra,
Sauðárkróki 25. apríl 2022
Björn Hrafnkelsson, ftr.